





## AÐALSKIPULAG DALABYGGÐAR 2004-2016

**Breyting á aðalskipulagi – efnistökusvæði í Hvítadal**

**05.01.2018**



**Dalabyggð**



## EFNISYFIRLIT

|            |                                                              |          |
|------------|--------------------------------------------------------------|----------|
| <b>1</b>   | <b>ALMENNT</b>                                               | <b>3</b> |
| <b>1.1</b> | <b>Forsendur og tilgangur breytinga</b>                      | <b>3</b> |
| <b>1.2</b> | <b>Tengsl við aðrar áætlanir</b>                             | <b>3</b> |
| 1.2.1      | Landsskipulagsstefna                                         | 3        |
| 1.2.2      | Gildandi aðalskipulag                                        | 4        |
| 1.2.3      | Svæðisskipulag Dalabyggðar, Reykhólahrepps og Strandabyggðar | 4        |
| <b>1.3</b> | <b>Staðhættir</b>                                            | <b>4</b> |
| <b>2</b>   | <b>MÁLSMEDFERÐ OG UMSAGNARAÐILAR</b>                         | <b>4</b> |
| <b>2.1</b> | <b>Skipulags- og matslýsingarstig</b>                        | <b>4</b> |
| <b>2.2</b> | <b>Umsagnaraðilar</b>                                        | <b>4</b> |
| <b>2.3</b> | <b>Matsskyldar framkvæmdir</b>                               | <b>5</b> |
| <b>3</b>   | <b>BREYTING Á AÐALSKIPULAGI</b>                              | <b>5</b> |
| <b>3.1</b> | <b>Breyting á uppdráttum</b>                                 | <b>5</b> |
| <b>3.2</b> | <b>Breyting á greinargerð</b>                                | <b>5</b> |
| <b>4</b>   | <b>UMHVERFISSKÝRSLA</b>                                      | <b>5</b> |
| <b>4.1</b> | <b>Valkostir</b>                                             | <b>6</b> |
| <b>4.2</b> | <b>Niðurstaða sveitarstjórnar</b>                            | <b>7</b> |



## 1 ALMENNT

Sveitarstjórn leggur fram tillögu að breytingu á aðalskipulagi sveitarfélagsins skv. 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Aðalskipulag Dalabyggðar 2004 - 2016 var samþykkt í sveitarstjórn þann 27. janúar 2009 og staðfest af Skipulagsstofnun þann 24. júní 2009.

Tillaga að breyttu skipulagi snýr að breytingu á landbúnaðarsvæði í efnistökusvæði á um 2 ha svæði í landi Hvítadals í Hvolsdal.

### 1.1 Forsendur og tilgangur breytinga

Til stendur að endurbyggja Vestfjarðaveg nr. 60 á tæplega 6 km kafla þar sem hann stenst ekki kröfur veghönnunarreglna en með aukinni umferð um hann er nauðsynlegt að ráðast í endurbætur á veginum m.a. til að bæta öryggi vegfarenda. Gert er ráð fyrir efnistöku á áreyrum Húsár/Hvolsár, neðan Hvítadals.

Svæðið er á áreyrum, auk þess að vera innan fjarsvæðis mögulegs vatnsbóls. Mikilvægt er að efnistakan ógni hvorki vatnsverndarsvæðinu né heldur lífríki Hvolsár. Gæta þarf að því að ekki séu geymdar olíur og önnur mengandi efni á svæðinu í því magni að hætta geti skapast ef það lekur út í jarðveginn. Nánar verður gerð grein fyrir því þegar tilkynning um framkvæmd verður send inn.

### 1.2 Tengsl við aðrar áætlanir

Við vinnslu aðalskipulagsbreytingarinnar hefur verið horft til eftirfarandi áætlana:

#### 1.2.1 Landsskipulagsstefna

Í landsskipulagsstefnu eru settar fram áherslur sem sveitarfélagið þarf að horfa til.

#### 2.6 Sjálfbærar samgöngur

*„Skipulag landnotkunar feli í sér samþætta stefnu um byggðapróun í þéttbýli og dreifbýli með áherslu á greiðar, öruggar og vistvænar samgöngur og fjölbreyttan ferðamáta.“*

#### 3.5.1 Samgöngur innan vinnusóknarsvæða.

*„Skipulagsgerð sveitarfélaga stuðli að greiðum samgöngum innan skilgreindra vinnusóknar- og þjónustusvæða, með styrkingu byggðar að leiðarljósi. Við skipulag byggðar og samgangna verði miðað við að sem flestir íbúar komist til næsta meginkjarna á innan við einni klukkustund. Skipulag feli einnig í sér stefnu um almenningsamgöngur. Jafnframt verði mótuð stefna um tengingar milli helstu meginkjarna í samræmi við samgönguáætlun.“*

Dalabyggð er sveitarfélag í sókn og um það liggur Vestfjarðavegur sem er önnur af aðalleiðum til Vestfjarða. Breytingin er til þess fallin að stuðla að betra umferðaröryggi og um leið að eflingu byggðarinnar því ráðgert er að nýta efni úr námunni í samgöngubætur. Breytingin er talin vera í samræmi við setta stefnu í dreifbýli skv. landsskipulagsstefnu.



### 1.2.2 Gildandi aðalskipulag

Í gildandi aðalskipulagi er meðal annars eftirfarandi markmið fyrir samgöngur, efnistökusvæði og þjóðminjaverndarsvæði:

- „Leitað verði hagkvæmustu lausna í vegagerð og stuðlað að umferðar- og rekstraröryggi og samtengingu byggðar, m.a. vegna skólaaksturs og atvinnu utan býla.“
- „Séð verði fyrir nægu framboði efnistökusvæða fyrir ýmiss konar byggingarstarfsemi.“
- „Skráning fornleifa skal fara fram á deiliskipulagssigi og áður en ráðist er í bygginga- eða framkvæmdaleyfisskyldar framkvæmdir.“

Í gildandi stefnu sveitarfélagsins er gert ráð fyrir að séð verði fyrir nægu framboði efnistökusvæða en þau verði sem fæst og hvert svæði verði tiltölulega stórt. Breytingin er talin vera í samræmi við stefnu sveitarfélagsins. Fornleifar verða kannaðar á svæðinu áður en framkvæmdaleyfi fyrir efnistöku verður gefið út.

### 1.2.3 Svæðisskipulag Dalabyggðar, Reykhólahrepps og Strandabyggðar

Í drögum að svæðisskipulaginu er sett fram sú stefna að ekki skuli heimila framkvæmdir sem ógnað geti vatnsverndarsvæðum.

## 1.3 Staðhættir

Fyrirhugað efnistökusvæði er á áreyrum Húsár rétt við afleggjara að Hvítadal. Svæðið er flatlent og stendur skammt sunnan við Vestfjarðaveg.

## 2 MÁLSMEÐFERÐ OG UMSAGNARAÐILAR

### 2.1 Skipulags- og matslýsingarstig

Skipulags- og matslýsing fyrir 7 breytingar á aðalskipulagi var tekin fyrir í sveitarstjórn þann 22.11.2017. Lýsingin var auglýst frá 07.12.2017 til 05.01.2018.

### 2.2 Umsagnaraðilar

Umsagnaraðilar aðalskipulagsbreytingar eru;

- Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti
- Umhverfisstofnun (UST)
- Vegagerðin
- Minjastofnun Íslands
- Heilbrigðiseftirlit Vesturlands
- Náttúrufræðistofnun Íslands
- Fiskistofa



## 2.3 Matsskyldar framkvæmdir

Efnistökusvæði er framkvæmd sem er tilkynningarskyld til Skipulagsstofnunar, í flokki C skv. lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000:

- Efnistaka og/eða haugsetning á landi eða úr hafsbotni þar sem áætlað er að raska minna en 25.000 m<sup>2</sup> svæði eða efnismagn er minna en 50.000 m<sup>3</sup> skv. lið 2.04 í lögnum.

Gert er ráð fyrir að tekið verði allt að 20.000 m<sup>3</sup> af efni á svæðinu. Til þess að hægt sé að segja til um matsskyldu verða að fyrir liggja nákvæmari upplýsingar um svæðið m.a. hvað varðar umfang framkvæmda.

## 3 BREYTING Á AÐALSKIPULAGI

Breytingin felast í að landbúnaðarsvæði er breytt í efnistökusvæði.

### 3.1 Breyting á uppdráttum

Gerð verður breyting á skipulagsuppdrætti fyrir byggðina þar sem landnotkun verður breytt eins og getið er um hér að ofan, sett inn efnistökusvæði E64.

### 3.2 Breyting á greinargerð

Breyting verður gerð á kafla 3.2.6 í greinargerð gildandi aðalskipulags, bætt verður inn dálki í töflu um efnistökusvæði á bls. 48:

- E64 – Húsá/Hvolsá – Gert ráð fyrir efnistöku úr áreyrum, allt að 20.000 m<sup>3</sup>. Á efnistökusvæðinu er óheimilt að geyma olíur eða önnur efni sem valdið geta mengun grunnvatns. Ganga skal jafn óðum frá þeim hluta námunnar þar sem efnistöku er lokið og svæðið lagað að landinu umhverfis. Stærð svæðis er allt að 2 ha. Náman er í landi Hvítadals.

## 4 UMHVERFISSKÝRSLA

Gerð er grein fyrir þeim umhverfisþáttum sem líklegt er að verði fyrir áhrifum af breyttri stefnu aðalskipulagsins. Hafa ber í huga nákvæmni áætlunarinnar þegar lagt er mat á vægi áhrifa.

Í skipulagslýsingunni, sem var sameiginleg fyrir fleiri breytingar, voru eftirfarandi umhverfisþættir skilgreindir og matsspurningar settar fram. Við mat á umhverfisáhrifum efnistökusvæðis eru þessir matsþættir undir og leitast við að svara matsspurningunum til að meta möguleg áhrif með ákveðin viðmið í tilteknum lögum, reglugerðum og öðrum skjölum sem við á.

**TAFLA 1.** Umhverfisþættir og helstu matsspurningar ásamt viðmiðum.

| UMHVERFISÞÁTTUR           | MATSSPURNING                                                                                                                                                                          | VIÐMIÐ                                                                                                                                 |
|---------------------------|---------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|----------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|
| Jarðfræði og jarðmyndanir | Munu breytingarnar fela í sér áhrif á jarðmyndandir sem njóta verndar eða þykja sérstæðar?                                                                                            | Náttúruverndarlög nr.60/2013, IV.kafli og V.kafli                                                                                      |
| Gróður og dýralíf         | Munu breytingarnar hafa áhrif á gróður og dýralíf – vistsvæði og plöntutegundir?                                                                                                      | Náttúruverndarlög nr.60/2013, V.kafli<br>Úttekt á gróðurfari og fuglalífi – Náttúrufræðistofnun Íslands.<br>Umsögn – Veiðimálastofnun. |
| Landnotkun                | Munu breytingarnar hafa áhrif á framboð landbúnaðarlands?<br>Munu breytingarnar hafa áhrif á notkun svæða til útivistar?<br>Munu breytingarnar hafa áhrif á verndarsvæði?             | Aðalskipulag Dalabyggðar 2004-2016                                                                                                     |
| Ásýnd og landslag         | Munu breytingarnar hafa áhrif á ásýnd svæða?<br>Munu breytingarnar hafa sjónræn áhrif?<br>Munu breytingarnar hafa áhrif á náttúrulegt landslagi?                                      | Lög um náttúruvernd nr.60/2013, 69 gr.                                                                                                 |
| Samfélag                  | Munu breytingarnar hafa áhrif á atvinnu í sveitarfélaginu?<br>Munu breytingarnar hafa áhrif á fólksfjölgun á svæðinu?<br>Hafa breytingarnar áhrif á efnahags- og félagslegt umhverfi? | Aðalskipulag Dalabyggðar 2004-2016                                                                                                     |
| Minjar                    | Munu breytingarnar hafa áhrif á friðlýstar fornminjar?<br>Munu breytingar hafa áhrif á friðlýstar náttúruminjar ?                                                                     | Lög um menningarminjar nr. 80/2012                                                                                                     |
| Náttúruvá og öryggi       | Er hættu á náttúruvá þar sem breytingarnar eru fyrirhugaðar?<br>Munu breytingarnar hafa áhrif á umferðar-öryggi?                                                                      | Saga svæðisins varðandi náttúruvá.<br>Vegalög nr. 80/2007.                                                                             |

#### 4.1 Valkostir

Tillaga að breyttu skipulagi er borin saman við núllkost, sem er landnotkun í gildandi skipulagi.

Áhrif af nýju efnistökusvæði eru **óveruleg** á landnotkun þar sem verið er að breyta lítt grónum áreyrum í efnistökusvæði. Ekki er gengið á gott landbúnaðarland með breytingunni. Efnistökusvæði eru alltaf sýnileg meðan á vinnslu úr þeim stendur og eru áhrif á ásýnd og landslag **neikvæð**. Efnistökusvæðið er innan fjarsvæðis vatnsverndar og eru því sett þau skilyrði að ekki skuli geyma olíur eða önnur mengandi efni í námunni. Verði farið eftir þessu ættu áhrif á verndarsvæði að vera **óveruleg**. Áhrif á aðra umhverfisþætti eru metin **óveruleg**.



#### 4.2 Niðurstaða sveitarstjórnar

Sveitarstjórn er hlynnt því að sett verði inn í aðalskipulagið nýtt efnistökusvæði enda er áætlað að nýta efnið í samgöngubætur sem nokkur þörf er á í sveitarfélaginu. Efnistökusvæðið er á lítt grónum áreyrum svo ekki er um að ræða skerðingu á góðu landbúnaðarlandi. Áhrif af efnistökunni eru á afmörkuðu svæði og að einhverju leiti afturkræf þar sem framburður árinna getur dregið úr áhrifum með tímanum og að því leiti er efnistakan sjálfbær. Að efnistöku lokinni verður gengið snyrtilega frá svæðinu. Gerð er krafa um að ekki verði geymdar olíur eða önnur mengandi efni í námunni, sem geta mengað grunnvatn eða skaðað lífríki ánnna.

Sveitarstjórn leggur áherslu á að áður en framkvæmdaleyfi er veitt verði fornleifar kannaðar á svæðinu. Einnig að sett verði skilyrði um skipulega nýtingu, góða umgengni og góðan frágang að vinnslu lokinni og að mengandi efni verði ekki geymd á svæðinu. Minnt er á að framkvæmdin fellur undir tölulið 2.02 í lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000. Þar er fjallað um efnistöku á verndarsvæðum þar sem áætlað er að raska minna en 25.000 m<sup>2</sup> svæði eða efnismagn er minna en 50.000 m<sup>3</sup> og verður tekin afstaða til matsskyldu efnistökkunnar þegar nánari útfærð tillaga liggur fyrir.

Aðalskipulagsbreyting þessi sem auglýst hefur verið samkvæmt 36. gr.

skipulagslaga nr. 123/2010 var samþykkt í sveitarstjórn Dalabyggðar þann \_\_\_\_\_

\_\_\_\_\_

Aðalskipulagsbreyting þessi var staðfest af Skipulagsstofnun þann \_\_\_\_\_

\_\_\_\_\_


\_\_\_\_\_






# DALABYGGÐ

## AÐALSKIPULAG 2004 - 2016 - Efnistökusvæði í Hvítadal



Breyttur aðalskipulagsuppráttur í mkv. 1:100.000.



Gildandi aðalskipulag Dalabyggðar, staðfest í ágúst 2009.  
Mkv. 1:100.000.

### SKÝRINGAR

- Landbúnaðarsvæði
- Lögbyli / Eyðibýli (til skýringar)
- Verslunar- og þjónustusvæði
- Þjónustustofnanir
- Iðnaðarsvæði
- Frístundabyggð
- Opin svæði til sérstakra nota
- Námur
- Friðlýst svæði; Breiðafjörður skv. sérlögum nr. 54/1995
- Hverfisvernd vegna náttúruminja
- Friðlýstar fornleifar
- Vatnsverndarsvæði I, brunnsvæði
- Vatnsverndarsvæði II, grannsvæði
- Vatnsverndarsvæði III, fjarsvæði
- Háspennulínur 33kV - 220kV
- Háspennulínur 19kV
- Stofnæð hitaveitu
- Stofnæðar vatnsveitu
- Ljósleiðari
- Stofnvegir
- Tengivegir
- Safnvegir (til skýringar)
- Megin reiðleiðir
- Gönguleiðir
- Mörk jarða, óviss og ekki tæmandi

Aðalskipulagsbreyting þessi sem auglýst hefur verið samkvæmt 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 var samþykkt í sveitarstjórn Dalabyggðar þann \_\_\_\_\_

Aðalskipulagsbreyting þessi var staðfest af Skipulagsstofnun þann \_\_\_\_\_



STEINSHOLT

Suðurlandsvegi 1-3  
850 Hella. S. 487 7800  
www.steinsholtsf.is

Hannað: GG, ÁJ, IS  
Teiknað: IS, GLS

DALABYGGÐ

Aðalskipulagsbreyting

Verk: 3811 SA110

Mkv: 1:100.000

Blaðstærð: A4

Samþykkt:

Dags: 05.01.2018

Breytt:

**TILLAGA**